



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Jörfa

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	5
3 Ytra mat	15
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
6 Foreldrasamvinna.....	20
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
8 Fylgigögn.....	21
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning	21
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	21
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði vel hjá okkur í Jörfa. Leikskólinn er með pláss fyrir 97 börn á fimm deildum. Það gekk vel að ráða í þær stöður sem við þurftum en það er alltaf að verða þyngra að fá inn fagfólk í leikskólann. Við reynum að nýta mannauðinn eins mikið og hægt er hverju sinni og vonum það besta næsta haust varðandi ráðningar á nýju starfsfólki. Starfsmannavelta hefur verið nokkur en yfirleitt eru þetta sömu stöðurnar sem hreyfast, þ.e. að starfsmenn eru ráðnir til skamms tíma allt frá nokkrum mánuðum upp í ár og þá þarf að endurráða. Tveir deildarstjórar hættu á miðju starfsári en búið er að ráða í þeirra stöður. Tveir starfsmenn eru í langtímaveikindum og vitum við ekki hvenær von er á þeim aftur til baka.

Lítill hreyfing var á barnahópnum í vetur en 25 börn eru í útskriftarhópi leikskólans og voru þau útskrifuð með glæsibrag í maí síðastliðnum.

Barnaheill

Vináttuverkefnið frá Barnaheill var tekið í notkun skólaárið 2017 og flestir starfsmenn hafa farið á námskeið. Útfærsla á verkefninu í leikskólanum er í svokallaðri hringekju þar sem öll börn fara í skipulagt hópastarf 2x í viku en við skiptum hópnum niður á fjögur svæði þar sem unnið er með jóga og slökun, tónlist og hreyfingu, listsköpun og vináttu. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og munum við halda áfram að þróa þetta enn frekar.

Lubbi finnur málbein

Um áramót innleiddi verkefnastjóri Lubba á allar deildar leikskólans. Vel gekk að vinna með efnið í vetur en áhersla var lögð á að kenna eitt hljóð og tákni á viku ásamt því að læra lag hljóðsins. Við munum halda áfram að þróa Lubba næsta starfsár og munu eldri deildirnar tengja Lubba við landið okkar og vinna með staðarhætti Íslands.

Tónlistarstarf Jörfa

Við vorum með mikið tónlistarstarf í vetur og börnin hittast á sameiginlegum söngstundum á föstudögum, söngstundir eru einnig í samveru og svo erum við í samstarfi við Tónskóla Sigursveins vegna Barnamenningarhátíðar og sungu elstu börnin í Hörpu í apríl. Einnig hafa börnin verið að syngja fyrir eldri borgara í Hæðargarði.

Samstarf við Víking

Víkingur hefur í tvö ár boðið elstu börnunum okkar í hreyfistund einu sinni í viku í Víkina þar sem íþróttafraeðingur tekur á móti börnunum. Frábært framtak og hlökkum við til áframhaldandi samstarfs.

Skipulagsdagar



Miðja máls og læsis var með fræðslu um málprosa og málaumhverfi barna, fyrir starfsfólk Jörfa haustið 2019. Einnig fengum við til okkar góða gesti á skipulagsdögum svo sem mannréttindi/jafnrétti, fyrirlestur um Barnasáttmálann, hópefli og svo vorum við einnig dugleg að sækja okkur endurmenntun utan leikskólans. Við heimsóttum Reykjanesbæ og fórum og skoðuðum þrjá ólíka leikskóla og kynntum okkur stefnur þeirra og strauma.

Nemar frá Frakklandi

Við fengum tvo franska nema til okkar í febrúar 2019. Þeir eru hér til þess að kynna íslenskum aðstæðum og vinna nokkur verkefni með börnunum.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Jörfi hefur sótt um styrk vegna menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við höfum ákveðið að taka læsi inn í leikskólann af fullum krafti og munum við vinna að þessu verkefni og þróa enn frekar til ársins 2030. Nú þegar er byrjað að vinna með læsi í leikskólanum en við erum til dæmis með:

- Lubba verkefnið þar sem áhersla er lögð á að tengja hljóð við staf og læra ták hljóðsins.
- Læsisáttak 2x á ári þar sem foreldrar eru hvattir til þess að lesa bækur heima fyrir börnin sín og skrá þær niður í leikskólanum. Ásamt því að hver deild er með bókaorm sem ferðast heim í hverri viku.
- Sögustund hjá afa/ömmu er samstarfsverkefni milli eldri borgara í Hæðargarði þar sem lítill hópur af börnum heimsækir þau og fer í sögustund.
- Við höldum upp á alþjóðadag móðurmálsins hátíðlega með fjölmeningardegi Jörfa en dagurinn fór þannig fram að hvert og eitt barn í Jörfa fékk sitt eigið vegabréf. Búið var að koma upp ellefu stöðvum inni í leikskólanum og hver stöð táknaði eitt land.
- Bókakrókar eru á hverri deild og börn eru hvött til þess að skoða bækur.
- Mikil áhersla er lögð á samfélagslæsi í Jörfa í gegnum vináttuverkefni Barnaheilla og munum við í umbótaáætlun hér að neðan leggja enn frekar áherslu á jákvæð og lausnamiðuð samskipti hjá bæði börnum og starfsfólki.
- Við munum leggja áherslu á að gera ritmál sýnilegt á deildum þar sem hlutir verða merktir í hæð barnanna, ásamt því að hafa stafi og tölustafi sýnilega.

Næsti vetur

Breytingar verða gerðar hér í Jörfa næsta vetur. Þrjár elstu deildarnar verða aldurskiptar Á yngri deildunum verða 3 og 2 ára gömul börn en á hinni 2 og 18 mánaða gömul börn. Með þessari breytingu vonumst við til þess að auðveldara verði fyrir deildarnar að halda utan um sitt starf með sínu starfsfólki og að börn öðlist enn frekari þekkingu sem hæfir þeirra aldri. Við munum endurmeta aldurskiptingu deilda eftir tvö ár. Við erum mjög jákvæð fyrir næsta skólaári og hlökkum til að takast á við áskoranir í starfi. Megináherslur næsta vetur er að þróa enn frekar læsi í leikskólanum, að hópastarfið gangi jafn vel og gengið hefur og að hver deild muni innleiða einingakubba í smærri hópum innan deilda. Samskipti og samvinna verða lykilhugtök okkar og við ætlum að reyna okkar besta í að halda dampinn og gera eins vel og við getum. Starfsfólk leikskólans stefnir svo á námsferð til Brighthon vorið 2020 og útlit er fyrir mjög góða þátttöku hjá hópnum.



2 Innra mat deildarinnar Hlíð

Starfið í Hlíð 2018-2019 hefur gengið mjög vel í vetur, þrátt fyrir mikið álag í leikskólanum. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram fjóra meginþætti. Þeir eru: vináttuverkefni Barnaheilla, Útinám, Lubbi finnur málbein og verkefni sem styrkja hlustun ásamt áherslu á rím. Því miður höfum við ekki geta náð að vinna markvisst með útinám yfir áætlaðan tíma og þar af leiðandi höfum við ákveðið að taka það úr starfsáætlun fyrir komandi vetur. Dæmi um niðurstöður úr hinum þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: í heildina gekk verkefnið mjög vel. Hópurinn fór tvisvar sinnum í viku í markvisst hópastarf úr þessu verkefni ásamt því að vera í daglegum samskiptum við vini og félagi þar sem áhersla var lögð á jákvæð samskipti og bera virðingu fyrir náunganum.

- **Styrkleikar:** Börnin eru meðvitaðri um að segja stopp þegar þeim er misboðið, en einnig skynjum við meira umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi ásamt því að læra vinalögin.

- **Tækifæri til umbóta:** temja okkur enn frekari notkun á verkefninu í daglegu starfi.

Lubbi finnur málbein: Við innleiddum verkefnið í byrjun janúar og höfum markvisst farið í lubbastundir þrisvar sinnum í viku.

- **Styrkleikar:** Sjáum gríðarlegar framfarir hjá börnunum í að tengja hljóð við staf og finna orð tengt hljóði.

Við hlökkum til þess að þróa þetta verkefni áfram en *Lubbi finnur málbein* verður ein af aðalstoðum læsisverkefnis okkar í tengslum við menntastefnu.


- **Tækifæri til umbóta:** Lubbi verði sýnilegri á deildinni og unnin verða þematengd verkefni þar sem Lubbi ferðast um landið.

Rím verkefni sem styðja við hlustun: Við í Hlíð leggjum áherslu á að börnin beri virðingu fyrir hvort öðru þegar við tölum saman í samverustundum og við æfum okkur í hlustun. Við höfum notast við sögur, ævintýri og framsögn í vetur.



- **Styrkleikar:** Börnin eru orðin öruggari í framsögn og tjáningu. Þau sýna almenna kurteisi og hlusta á félagi sína þegar þeir hafa orðið. Verkefni sem tengdust rími voru einnig tekin í samverustundum og börnin lærðu mikið af kvæðum.
- **Tækifæri til umbóta:** í læsisstefnu leikskólans fyrir næstkomandi ár munum við vilja styrkja börnin í almennri málvitund þar sem markvisst er verið að leggja inn orð og auka málskilning og orðaforða.

Umbótaþættir fyrir starfsárið 2019-2020 fyrir Hlíð

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Deilda í Jörfa						
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einingakubbar	Finna fastan tíma og skipta börnunum í hópa. Vinna markvisst með kubbana með og án viðbótarefniviðs og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Allt árið.	Deildarstjóri og allir starfsmenn á deild.	Taka myndir 1x í mánu hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefnivið.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Leggja grunn að góðum samskiptum	Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum	Í daglegu starfi eiga börn og starfsmenn að tileinka sér jákvæð samskipti þar sem samvinna og lausnamiðuð hugsun er í fyrirrúmi.	Allt árið.	Allt starfsfólk ber ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti. Stjórnendateymi leiðir vinnuna	Rýnihópur	Deildarfundum og skipulagsdögum
Vináttuverkefni Barnaheilla	Að temja okkur notkun á verkfærum úr vináttutöskunni	Nota spjöldin, bangsana, læra lögin og efla vinanuddið	Allt árið	Allt starfsfólk	Könnun, spyrja börnin og foreldra í apríl	Rýna í könnun og niðurstöður á skipulagsdegi í maí
Læsi 	Börnin læri og þekki hljóð stafanna. Geti tengt hljóð við staf ásamt því að læra tákni hljóðsins. Auka orðaforða og málskilning barnanna.	Í Lubbastundum og í daglegu starfi	Allt árið	Allt starfsfólk	Spyrja börn og foreldra í apríl	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnum og málþroskalista fyrir yngri börnin



2 Innra mat deildarinnar Lundur

Starfið á Lundi 2018-2019 hefur ágætlega í vetur, þrátt fyrir mikið álag í leikskólanum og á deildinni. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram þrjá meginþætti. Þeir eru: vináttuverkefni Barnaheilla, útinám og einingakubbar. Því miður höfum við ekki geta náð að vinna markvisst með útinám yfir áætlaðan tíma og þar af leiðandi höfum við ákveðið að taka það úr starfsáætlun fyrir komandi vetur. Dæmi um niðurstöður úr hinum þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: í heildina gekk verkefnið mjög vel. Hópurinn fór tvisvar sinnum í viku í markvisst hópastarf úr þessu verkefni ásamt því að vera í daglegum samskiptum við vini og félagar þar sem áhersla var lögð á jákvæð samskipti og vera virðingu fyrir náunganum.

- **Styrkleikar:** Börnin eru meðvitaðri um að segja stopp þegar þeim er misboðið, en einnig skynjum við meira umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi.


- **Tækifæri til umbóta:** temja okkur enn frekari notkun á verkefninu í daglegu starfi.

Einingakubbar: Við náðum ekki að setja á laggirnar markvissa notkun á einingakubbum í smærri hópum innan deildarinnar.

- **Tækifæri til umbóta:** Næsta starfsár ætlum við að skipta börnum niður í litla hópa og setja einingakubba sem eitt af meginþemum í hópastarfið innan deildar.



Umbótaþættir fyrir starfsárið 2019-2020 fyrir Lund

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Deilda í Jörfa						
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einingakubbar	Finna fastan tíma og skipta börnunum í hópa. Vinna markvisst með kubbana með og án viðbótarefniviðs og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Allt árið.	Deildarstjóri og allir starfsmenn á deild.	Taka myndir 1x í mán hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefnivið.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Leggja grunn að góðum samskiptum	Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum	Í daglegu starfi eiga börn og starfsmenn að tileinka sér jákvæð samskipti þar sem samvinna og lausnamiðuð hugsun er í fyrirrúmi.	Allt árið.	Allt starfsfólk ber ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti. Stjórnendateymi leiðir vinnuna	Rýnihópur	Deildarfundum og skipulagsdögum
Vinátuverkefni Barnaheilla	Að temja okkur notkun á verkfærum úr vinátutöskunni	Nota spjöldin, bangsana, læra lögin og efla vinanuddið	Allt árið	Allt starfsfólk	Könnun, spyrja börnin og foreldra í apríl	Rýna í könnun og niðurstöður á skipulagsdegi í maí
Læsi 	Börnin læri og þekki hljóð stafanna. Geti tengt hljóð við staf ásamt því að læra tákn hljóðsins. Auka orðaforða og málskilning barnanna.	Í Lubbastundum og í daglegu starfi	Allt árið	Allt starfsfólk	Spyrja börn og foreldra í apríl	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnum og málþroskalista fyrir yngri börnin



Innra mat deildarinnar Sel

Starfið í Seli 2018-2019 hefur gengið mjög vel í vetur, þrátt fyrir mikið álag í leikskólanum og breytingar á deildinni en deildarstjóri fór í langtíma veikindi um áramót. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram þrjá meginþætti. Þeir eru: rannsóknarvinna með vatnið, samskipti starfsmanna og einingakubbar. Því miður höfum við ekki geta náð að vinna markvisst með vatnið yfir áætlaðan tíma og þar af leiðandi höfum við ákveðið að taka það úr starfsáætlun fyrir komandi vetur. Dæmi um niðurstöður úr hinum þáttunum eru:


Einingakubbar: Við náðum ekki að setja á laggirnar markvissa notkun á einingakubbum í smærri hópum innan deildar. En börnin sóttu samt sem áður mikið í leik með einingakubbum og sjáum við framfarir í leiknum.

- **Tækifæri til umbóta:** Næsta starfsár ætlum við að skipta börnum niður í litla hópa og setja einingakubba sem eitt af meginþemum í hópastarfið innan deildar.

Samskipti starfsmanna: Í heildina litið gekk ágætlega í Seli þennan vetur en þar sem deildarstjóri var fjarverandi vegna langveikinda var starfsmannavelta í hærra lagi, þrátt fyrir það er jákvætt andrúmsloft innan deildar og deildarfundir hafa haldist reglulega.



Umbótaþættir fyrir starfsárið 2019-2020 fyrir Sel

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Deilda í Jörfa						
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einingakubbar	Finna fastan tíma og skipta börnunum í hópa. Vinna markvisst með kubbana með og án viðbótarefniviðs og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Allt árið.	Deildarstjóri og allir starfsmenn á deild.	Taka myndir 1x í mán hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefnivið.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Leggja grunn að góðum samskiptum	Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum	Í daglegu starfi eiga börn og starfsmenn að tileinka sér jákvæð samskipti þar sem samvinna og lausnamiðuð hugsun er í fyrirrúmi.	Allt árið.	Allt starfsfólk ber ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti. Stjórnendateymi leiðir vinnuna	Rýnihópur	Deildarfundum og skipulagsdögum
Vinátuverkefni Barnaheilla	Að temja okkur notkun á verkfærum úr vinátutöskunni	Nota spjöldin, bangsana, læra lögin og efla vinanuddið	Allt árið	Allt starfsfólk	Könnun, spyrja börnin og foreldra í apríl	Rýna í könnun og niðurstöður á skipulagsdegi í maí
Læsi 	Börnin læri og þekki hljóð stafanna. Geti tengt hljóð við staf ásamt því að læra tákn hljóðsins. Auka orðaforða og málskilning barnanna.	Í Lubbastundum og í daglegu starfi	Allt árið	Allt starfsfólk	Spyrja börn og foreldra í apríl	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnum og málþroskalista fyrir yngri börnin



Innra mat deildarinnar Holt

Starfið á Holti 2018-2019 hefur gengið ágætlega í vetur, þrátt fyrir mikið álag á deildinni. Deildarstjóri hætti á miðju starfsári og nýr tók við ásamt því að það voru mannabreytingar í deildarhópnum. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram þrjá meginþætti. Þeir eru: vináttuverkefni Barnaheilla, aðgengi að efnivið og einingakubbar. Dæmi um niðurstöður úr hinum þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: í heildina gekk verkefnið mjög vel. Hópurinn fór tvisvar sinnum í viku í markvisst hópastarf úr þessu verkefni.

- **Styrkleikar:** Börnin eru meðvitaðri um að segja stopp þegar þeim er misboðið, en einnig skynjum við meira umburðarlyndi og virðingu fyrir náunganum.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi ásamt að auka notkun á litlu böngsunum.

- **Tækifæri til umbóta:** temja okkur enn frekari notkun á verkefninu í daglegu starfi ásamt því að leggja áherslu á litlu bangsana í daglegu starfi.

Einingakubbar: Við náðum ekki að setja á laggirnar markvissa notkun á einingakubbum í smærri hópum innan deildarinnar.


- **Tækifæri til umbóta:** Næsta starfsár ætlum við að skipta börnum niður í litla hópa og setja einingakubba sem eitt af meginþemum í hópastarfið innan deildar.

Aðgengi að efnivið: Börnin nýttu listasmiðju þar sem aðgengi er að fjölbreyttum efnivið.

- **Styrkleikar:** Börnin á Holti eru orðin mjög fær í nýta fjölbreyttan efnivið í sköpun og láta hugmyndaflugið ráða för.
- **Tækifæri til umbóta:** Hafa listasmiðju oftari í boði fyrir börnin í frjálsum vali.



Umbótaþættir fyrir starfsárið 2019-2020 fyrir Holt

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Deilda í Jörfa						
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einingakubbar	Finna fastan tíma og skipta börnunum í hópa. Vinna markvisst með kubbana með og án viðbótarefniviðs og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði spyr opinna spurninga og leiðbeinir.	Allt árið.	Deildarstjóri og allir starfsmenn á deild.	Taka myndir 1x í mán hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefnivið.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Leggja grunn að góðum samskiptum	Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum	Í daglegu starfi eiga börn og starfsmenn að tileinka sér jákvæð samskipti þar sem samvinna og lausnamiðuð hugsun er í fyrirrúmi.	Allt árið.	Allt starfsfólk ber ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti. Stjórnendateymi leiðir vinnuna	Rýnihópur	Deildarfundum og skipulagsdögum
Vinátuverkefni Barnaheilla	Að temja okkur notkun á verkfærum úr vinátutöskunni	Nota spjöldin, bangsana, læra lögin og efla vinanuddið	Allt árið	Allt starfsfólk	Könnun, spyrja börnin og foreldra í apríl	Rýna í könnun og niðurstöður á skipulagsdegi í maí
Læsi 	Börnin læri og þekki hljóð stafanna, ásamt því að læra tákni hljóðsins. Auka orðaforða og málskilning barnanna.	Í Lubbastundum og í daglegu starfi	Allt árið	Allt starfsfólk	Spyrja börn og foreldra í apríl	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnum og málþroskalista fyrir yngri börnin



Innra mat deildarinnar Laut

Starfið á Laut 2018-2019 gekk erfiðlega í vetur, mikið álag var á deildinni og mjög mörg ung börn byrjaðu þar síðastliðið haust. Deildarstjóri hætti undir lok starfsárs og nýr tók við ásamt því að það voru mannbreytingar í starfsmannahópnum. Í starfsáætlun síðasta árs settum við fram tvo meginþætti. Þeir eru: vináttuverkefni Barnaheilla og einingakubbar. Dæmi um niðurstöður úr þáttunum eru:

Vináttuverkefni Barnaheilla: í heildina gekk verkefnið mjög vel. Hópurinn fór tvisvar sinnum í viku í markvisst hópastarf úr þessu verkefni .

- **Styrkleikar:** Börnin eru að læra að segja stopp, en einnig leita þau til vina sinna og starfsfólks þegar þeim líður illa og þau vilja fá knús.

Við munum halda áfram næsta vetur í markvissu hópastarfi í vináttuverkefninu en viljum efla deildarstarfsmenn enn frekar í því að nýta spjöldin úr vináttukassanum í daglegu starfi ásamt notkun á litlu böngsunum.


- **Tækifæri til umbóta:** temja okkur enn frekari notkun á verkefninu í daglegu starfi ásamt því að leggja áherslu á litlu bangsana.

Einingakubbar: Við náðum ekki að setja á laggirnar markvissa notkun á einingakubbum í smærri hópum innan deildarinnar.

- **Tækifæri til umbóta:** Næsta starfsár ætlum við að skipta börnum niður í litla hópa og setja einingakubba sem eitt af meginþemum í hópastarfið innan deildar og kynna þeim fyrir kubbunum.



Umbótaþættir fyrir starfsárið 2019-2020 fyrir Laut

Umbótaþættir Deilda í Jörfa	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einingakubbar	Finna fastan tíma og skipta börnunum í hópa. Vinna markvisst með kubbana án viðbótarefniviðs og kenna börnunum umgengisreglur.	Kennari er á svæði og leiðbeinir.	Allt árið.	Deildarstjóri og allir starfsmenn á deild.	Taka myndir 1x í mánn hjá hverjum hóp og skoða hvort bæti megi inn viðbótarefnivið.	Myndasýning af þróun úr kubbastarfi á opnu húsi í maí.
Leggja grunn að góðum samskiptum	Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum	Í daglegu starfi eiga börn og starfsmenn að tileinka sér jákvæð samskipti þar sem samvinna og lausnamiðuð hugsun er í fyrirrúmi.	Allt árið.	Allt starfsfólk ber ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti. Stjórnendateymi leiðir vinnuna	Rýnihópur	Deildarfundum og skipulagsdögum
Vinátuverkefni Barnaheilla	Að temja okkur notkun á verkfærum úr vinátutöskunni	Nota spjöldin, bangsana, læra lögin og efla vinanuddið	Allt árið	Allt starfsfólk	Könnun, spyrja börnin og foreldra í apríl	Rýna í könnun og niðurstöður á skipulagsdegi í maí
Læsi 	Börnin kynnist hljóðum stafanna. Læra ták hljóðsins. Auka orðaforða barnanna.	Í Lubbastundum og í daglegu starfi	Allt árið	Allt starfsfólk	Spyrja börn og foreldra í apríl	Rýna í Hljóm-2 hjá elstu börnum og málþroskalista fyrir yngri börnin



3 Ytra mat

Á hverju ári er gerð viðhorfskönnun til starfsmanna, hún er gerð á vegum skóla og frístundasviðs.

Könnunin er rafræn og meginhluti starfsfólks eða tæp 85,7% tóku þátt, ekki er hægt að rekja

niðurstöður hennar. Í grófum dráttum kom könnunin ágætlega út, flest atriði voru á gulu og grænu.

Ekkert ofbeldi né einelti mældist.

- **Styrkleikar:** ekkert ofbeldi né einelti mældist á vinnustað, upplýsingaflæði hefur batnað og fólk er almennt ánægt í vinnunni.
- **Tækifæri til umbóta:** Okkar niðurstaða er sú að við getum tekið enn betur á móti nýju fólki sem byrjar að vinna í Jörfa og vera með skýra móttökuáætlun fyrir nýliða. Einnig viljum við huga betur að starfsmannahópnum og leggja áherslu á lausnamiðaða hugsun í starfi. Við viljum valdefla starfsmenn og auka sjálfstraust þeirra.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Móttaka nýliða	Taka vel á móti nýliðum í Jörfa.	Vera með skýra kynningu á leikskólanum og starfinu og fylgja starfsfólkinu eftir.	Allt árið.	Stjórnendur og allt starfsfólk.	Starfsmanna Könnun, hvert ár á vegum SFS.	Starfspr.stam tal. Spyrja nýtt fólk.
Samskipti og samheldni innan starfsmanna hópsins	Efla starfsmanna hópinn.	Tala skýrt saman, hlusta, virða fjölbreyti- leikann, vera sveiganleg	Allt árið	Allir starfsmenn	Starfsmanna- Könnun SFS	Starfsmanna- andinn góður og öllum líði vel í vinnunni.



og virða
skoðanir
annarra. Efla
sjálfstraust í
starfi.



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk leikskólans á tímabilinu janúar – apríl 2019.

Viðtölin voru boðuð með fyrirvara og fóru fram á skrifstofu leikskólastjóra. Áhersla var lögð á að ræða líðan starfsmanns í starfi, starfsandann, vinnuumhverfið, verkefnin, starfsþróun og hvort starfsmaður vill gera breytingar innan veggja leikskólans. Flest allir starfsmenn virðast vera ánægðir í starfi og með starfsandann en flestir voru sammála því að mikið álag hefði verið vegna veikinda, og undirmönnunar því starfsfólk hætti á miðju skólaári. Starfsfólk hafði orð á því að þeim fannst faglega starfið innan leikskólans á uppleið.

Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

- ✓ Nokkrir starfsmenn fóru á vináttunámskeið hjá Barnaheill sem var einn dagur.
- ✓ Sérkennslustjóri ásamt starfsmanni í sérkennslu fóru á vorráðstefnuna „Framtíðin er núna“ á vegum Greiningar-og ráðgjafaarstöðvar ríkisins.
- ✓ Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri öðluðust réttindi á Hljóm-2.
- ✓ Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu ráðstefnuna „vanlíðan í starfi“.
- ✓ Deildarstjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra fóru á ráðstefnu á vegum Rannung „Hvað er börnunum fyrir bestu“.
- ✓ Verkefnastjóri fór á fyrirlestur um fjölmenningu í leikskólum.
- ✓ Leikskólastjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra sóttu ráðstefnu á vegum Rannung „Barnasáttmálinn 30. ára“.
- ✓ Tveir deildarstjórar sóttu námskeið á vegum Barnasáttmálans.
- ✓ Allir starfsmenn fengu fyrirlestur um mannréttindi og jafnrétti.
- ✓ Allir starfsmenn fengu tvo fyrirlestra um málþroska og málörvun barna í leikskóla frá Miðja máls og læsis.



5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

- Samstarf við Breiðagerðisskóla er reglulegt og farið er í gagnkvæmar heimsóknir yfir veturinn.
- Elsti árgangur leikskóla fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla í byrjun september, hitta skólastjórnendur og skoða skólann.
- Í september fara elstu börnin í leikstund í fyrsta bekk.
- Í október fara nemendur fyrsta bekkjar í heimsókn í sína gömlu leikskóla í hverfinu.
- Grunnskólabörnin úr 7.bekk koma í heimsókn og lesa fyrir börnin í leikskólanum á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember.
- Í desember heimsækja elstu börn leikskólanna bókasafnið í Breiðagerðisskóla.
- Mars/apríl fara elstu börn leikskóla í kennslustund með kennurum fyrsta bekkjar.
- Í maí fara leikskólabörnin í heimsókn í Breiðagerðisskóla og hitta skólastjórnendur sem leiða þau í gegnum skólann.
- Skólastjórnendur heimsækja leikskólana í júní og fá upplýsingar um skólaskil.

Hér að neðan er tímaáætlun yfir samstarf leik- og grunnskólans

Jörfi – Breiðagerðisskóli - Sólbúar



Samstarf 2019-2020

Jörfi – Breiðagerðisskóli - Sólbúar

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
Alla miðvikudaga yfir veturinn Kl. 9:40	Elstu börnin fara í Víkina í hreyfistund	Víkin	Deildarstjóri og íþróttastjóri Víkings
10.09 Kl. 10:00	Elsti árgangur jörfa fer í heimsókn í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur í Breiðagerðisskóla
20.09 Kl. 10:00	Elsti árgangur Jörfa fer í leikstund í Breiðagerðisskóla.	Breiðagerðisskóli	Kennarar beggja skólastiga
10.10 Kl. 10:00	Nemendur í fyrsta bekk heimsækja leikskólann	Jörfi	Kennarar beggja skólastiga
20.10 Kl. 10.00	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis
16.11 Kl. 10:00	Nemendur úr 7. bekk lesa fyrir börnin í Jörfa	Jörfi	Kennarar beggja skólastiga.
05.12 Kl. 10:00	Elstu börn leikskólans heimsækja bókasafnið í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
10.12 Kl. 10:00	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis



20.03 Kl. 10:00	Leikskólabörn fara í kennslustund í Breiðagerðisskóla	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
05.04 Kl. 10:00	Elstu börn Jörfa heimsækja frístundarheimilið Sólbúa	Sólbúar	Deildarstjórar og forstöðumaður frístundarheimilis
25.05 Kl 10:00	Leikskólabörn hitta skólastjórnendur	Breiðagerðisskóli	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
29.05 Kl. 10:00	Skólastjórnendur koma í leikskólann á skilafund	Jörfi	Deildarstjórar og skólastjórnendur.
14.06 Kl 10:00	Skilafundur vegna barna með stuðning	Breiðagerðisskóli	Sérkennslustjóri ásamt kennurum.

6 Foreldrasamvinna

- ✓ Í foreldraráði skulu sitja a.m.k. þrjár fulltrúar. Síðastliðið skólaár hafa fulltrúar verið fimm og eru þeir kjörnir á aðalfundi foreldrafélags Jörfa í október hvert ár.
- ✓ Foreldrafundir eru einu sinni á ári á hverri deild í september. Þá er námsefni vetrarins og annað starf á viðkomandi deild kynnt fyrir foreldrum.
- ✓ Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur. Þar eru lögð drög að einstaklingsáætlun viðkomandi barns.
- ✓ Foreldrafélag Jörfa er mjög virkt og það stendur fyrir alls konar upþákomum fyrir börnin t.d. leiksýningum, sveitferð, jólaballi, sumarhátíð ofl.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Jörfa eru sex og verða þeir:

- 13. september (sameiginlegur) 2019
- 22.nóvember, 2019
- 20. janúar (sameiginlegur) 2020
- 20.mars (sameiginlegur) 2020
- 22.og 24. apríl, 2020

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Jörfa

Bergljót Jóhannsdóttir

28.maí 2019

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	Já, 1 barn	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	Já, 5 börn	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	Já, 2 börn	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	Já, fjórir	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins, heilsugæsla
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	

Niðurstöður innra mats

Það hefur gengið mjög vel að vinna eftir einstaklingsáætlun og sumum markmiðum hefur verið náð. Endutmat á sér stað á 6-8 vikna fresti. Teymisfundir eru á 6-8 vikna fresti.

Sérkennsla hefur haldið sínu striki í vetur.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Stefnt er að því að ná þeim markmiðum sem sett eru upp með í byrjun.	Með því að setja upp raunhæf markmið í samræmi við einstaklingsá ætlun.	Í upphafi skólaárs, markmið eru svo endurmetin eftir þörfum.	Ábyrgðarmaður sérkennslu ber ábyrgð.	Stuðst er við AEPS, færni miðað mat og ABA- skráningarlist ann. Endurmat á 6 mánaða fresti og markmið á 6 vikna fresti.	Stuðst er við skráningar og endurmat úr AEPS, færni miðað mat þar sem árangur er mældur miðað við skráningar og sett upp sjónrænt.

Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í Jörfa voru 13 tví- eða fjöltyngd börn. Þar af voru þrjú börn sem áttu foreldra sem voru ekki með íslensku sem móðurmál. Hin börnin áttu íslenskumælandi foreldri. Fjármagn sem Jörfi fékk vegna tvítyngdra barna var notað meðal annars í kaup á spjaldtölvum og öðrum efnivið.

Aðstoðarleikskólastjóri sem ráðinn var inn tímabundið tók að sér utan um hald á erlendu börnunum.

Sýnilegir fánar landanna sem börnin koma frá eru uppi á vegg í miðrymi leikskólans.

Fjölmenningardagur Jörfa var haldinn með breyttu sniði og tókst einstaklega vel og hlökkum við til að endurtaka leikinn á næsta ári. Innlögn á orðaforða og málörvun var í höndum deildanna og þar ætlum við að efla okkur enn frekar næsta vetur. Við höfum fengið til liðs við okkur starfsmann sem hefur verið að starfa við sérkennslu innan leikskólans og mun hún sjá um allt utan um hald fyrir erlendu



börnin næsta vetur, hún heitir Jóhanna Jórunn Arnardóttir. Hún mun setja fram umbótaáætlun og hvaða leiðir hún ætlar sér í málörvun með erlendu börnunum.

- **Tækifæri til umbóta:** Markviss málörvun tví – eða fjöltyngdra barna í hópum sem eru við þeirra hæfi, þvert á deildar. Efla starfsfólk í „gefðu 10.“

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	já	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	já	Lubbi er notaður markvisst á öllum deildum, ásamt því að starfsfólk hvetur börn í samræður og einnig hefur starfsfólki verið kynnt stefnan „gefðu 10“.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Nei	Stendur til að bæta það næsta skólaár.
Er fylgst með framförum barnanna?	Nei	Munum koma upp skráningarkerfi til að fylgjast með framförum barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	já	Við fylgjumst með orðaforða og málskilningi barna. Tjáning og frásögn er í öllu daglegu starfi. Hlustun og hljóðkerfisvitund er mæld í gegnum Hljóm-2. Allar deildir hafa sýnilegt ritmál uppi á deildum og þau eru hvött til þess að tengja hljóð við staf í gegnum Lubba.



Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir Annað móður m. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Betra utanum hald	Markvissari málörvun fyrir tví/fjöltungd börn	Kortleggjum börnin í byrjun haustannar og gera einstaklings áætlanir í samræmi við þarfir þeirra	Allt árið	Stjórnendur leikskólans ásamt tengilið fjölmennigar	Hitta foreldra, safna gögnum um börn, leggja fyrir þau lista á 3. mán fresti.	Árangur er mældur miðað við skráningu og hvort markmiðum hefur verið náð.
Þverfaglegt starf á deildum	Að allt starfsfólk sé virkt í málörvun barnanna	Gera námsgögn aðgengileg, og gera skýrar einstaklings áætlanir.	Allt árið	Stjórnendur leikskólans ásamt tengilið fjölmennigar	Spurninga listar til starfsfólks	Mælikvarði úr spurninga listakönnun starfsfólks.
Betra aðgengi að námsgögnum	Að starfsfólk viti og geti náð í gögn sem henta málörvun	Kynna námsgögn á skipulagsdegi	Í byrjun haustannar	Tengiliður fjölmennigar	rýnihópur	Spurningalist i til starfsfólks?





Starfsáætlun 2019 – 2020
Leikskólinn Jörfi

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, formaður

Fanney Frímannsdóttir

Hulda Sigmarsdóttir

Soffía Óskarsdóttir

I. Inngangur

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Á grundvelli framangreinds er þessi umsögn veitt leikskólanum um starfsáætlun og umbótaáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2019-2020.

II. Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans lýsir yfir mikilli ánægju með starfsáætlun Jörfa fyrir leikskólaárið 2019-2020. Að mati ráðsins sýnir áætlunin merki um metnaðarfulla, skynsamlega og faglega vinnu.

Leikskólinn hefur að leiðarljósi gildin leikur, gleði og virðing og endurspeglast þau gildi vel í áætlun skólaársins og vill ráðið lýsa yfir ánægju sinni með þessi gildi. Starfsáætlunin lýsir starfsemi leikskólans vel og þeim markmiðum, áherslum og leiðum sem unnið er eftir.

Síðast liðin ár hefur reynst erfitt að fá fagfólk til starfa á leikskólanum en það virðist vera að birta til í þeim málum. Þá hafa góðum stjórnendum leikskólans tekist að nýta mannauðinn á frábæran hátt og tekur starfáætlun fyrir næsta ár mið af því. Faglega starfið er því á hraðri uppleið og starfáætlunin fyrir árið 2019 -2020 ber þess merki að ennfreakar eigi að gefa í og er það vel.

Mikil ánægja hefur verið með Vináttuverkefnið sem hefur verið unnið með á leikskólanum og er foreldraráðið ánægt með að halda eigi áfram með þá góðu vinnu. Vorum við sammála um að verkefnið hafi skilað sér í betri samskiptum barnanna og sé af sama skapi að skila sér heim til foreldra og systkina.

Áherslan sem skólinn ætlar að leggja á læsi er spennandi og virkilega jákvæð. Nú þegar er byrjað að vinna með Lubban (Lubbi finnur málbein) á öllum deildum, mikið unnið með stafina og hljóðin og markvisst unnið að því að auka orðaforða. Þá er tónlistarstarf innan leikskólans til fyrirmyndar, mikið sungið, fjölbreytt lög og vikulegir söngfundir þar sem öll börnin á leikskólanum koma saman og syngja undir gítarleik eins kennarans. Samstarfið við Tónlistarskóla Sigursveins er ennfremur alveg frábært.

Foreldraráð lýsir yfir ánægju sinni með samstarf leikskólans við Breiðagerðisskóla og endurspeglast það góða starf í starfsáætluninni en þar kemur fram nákvæmlega hvernig samstarfinu verður háttað. Góð samvinna er með skólahóp leikskólans og fá börnin góða aðlögun að skólanum. Ennfremur er gott að samræmi sé milli starfsdaga skólanna tveggja þegar svo er unnt svo börn/systkini á báðum skólastigum séu í fríi á sömu dögum.

Síðast en ekki síst vill foreldraráð lýsa yfir ánægju sinni með þær breytingar sem eru fyrirhugaðar um það að aldurskipta deildum. Þó vel hafi gengið að hafa deildirnar blandaðar þá er virkilega spennandi að sjá hvernig starfið á deildunum á eftir að ganga þegar einungis einn árgangur er á deild. Við höfum

trú á að það verði leikskólanum og nemendum mikið til framdráttar. Líkur eru á því að hægt sé að auka faglega starfið enn frekar með því að hafa námsefni sem hentar afmarkaðari aldurshópi. Þá er með þessu fyrirkomulagi verulega dregið úr ágreiningi milli aldurshópa en t.a.m á eldri tveimur deildunum hefur í vetur stundum verið leiðinlegt fyrir yngri árganginn á deildinni horfa upp á eldri árganginn, meistarana/skólahópinn, fá að taka þátt í allskonar skemmtilegum ferðum og verkefnum á meðan þau þurfa að sitja eftir í leikskólanum.

Þrátt fyrir árgangaskiptingu á deildum gefur starfáætlunin það til kynna að enn sé stefnt á að halda hópastarfi/hringekju gangandi á næsta ári þannig að það er ljóst að árgangarnir munu enn blandast saman í leik og starfi, jafnvel þó deildirnar sjálfar verði aldurskiptar.

III.

Lokaorð

Á heildina litið telur foreldraráð að áætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem fram fer inn á leikskólanum. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hvernig faglega starfið á leikskólanum færir í aukana og undirritaðar binda mikið traust við stjórnendur skólans sem hafa góð stjórn á málum sem skilar sér í aukinni ánægju starfsfólks. Vissulega væri betra að fá inn fleiri fagmenntaða leikskólakennara og auka stöðugleika í starfsmannamálum en það er hluti af mun stærra vandmáli sem stjórnendur skólans hafa ekki tök á að leysa.

Reykjavík, 13. júní 2019,

Foreldraráð Jörfa,


Ólöf Heiða Guðmundsdóttir, formaður

Fanney Frímansdóttir

Hulda Sigmarsdóttir

Soffía Óskarsdóttir

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hvítasunnu	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F Blár dagur, dagur einhverfu	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M Foreldraviðtöl Laut	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F Foreldraviðtöl Laut	5 S	5 Þ Pálmásunnudagur	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F Piparkökumálun	6 M Brettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur stærðfræðinnar	7 L	7 Þ	7 F Búningadagur	7 S Sjömannadagurinn	7 Þ
8 F Jörfi opnar eftir sumarfrí	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M Vasaljósdagur	8 L	8 S	8 M Gulur dagur	8 F	8 M Íþróttavika Jörfa	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M Jólaverksmiðja	9 F	9 S	9 M Foreldraviðtöl Holt	9 F Skírdagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ Jólaverksmiðja	10 F	10 M	10 Þ Foreldraviðtöl Holt	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F Bleikur dagur	11 M	11 M Jólaverksmiðja	11 L	11 Þ	11 M Foreldraviðtöl Sel	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F Jólaverksmiðja	12 S	12 M	12 F Fjölmenningarhátíð Jörfa	12 S	12 Þ Páskadagur	12 F	12 S
13 Þ	13 F Skipulagsdagur	13 S	13 M	13 F Jólabball og jólamatur	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M Foreldraviðtöl Laut	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F Opið hús	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ Foreldraviðtöl Laut	15 F Ömmu og afakaffi	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M Grænn dagur, Dagur íslenskrar náttúru	16 M Foreldraviðtöl Holt	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M Foreldraviðtöl Hlíð	16 F	16 L	16 Þ Skróðganga Jörfa	16 F
17 L	17 Þ	17 F Foreldraviðtöl Holt	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ Foreldraviðtöl Hlíð	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M Foreldraviðtöl Lundur	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F Jólásýning	19 S	19 M	19 F Foreldraviðtöl Lundur	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F Rauður dagur	20 M Skipulagsdagur	20 F	20 F Skipulagsdagur	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M Foreldraviðtöl Sel	21 F	21 L	21 Þ	21 F Konukaffi	21 L	21 Þ	21 F Uppstigningardagur	21 S	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ Foreldraviðtöl Sel	22 F Skipulagsdagur	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Skipulagsdagur	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M Vetrarstarf kynnt Sel, Laut, Holt	23 M Foreldraviðtöl Lundur	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ Vetrarstarf kynnt Lundur, Hlíð	24 F Foreldraviðtöl Lundur	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur, karlakaffi	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Skipulagsdagur	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F Náttfataball, bangsadagur	25 M	25 M Jóladaur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L Barnamenningarhátíð	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur, alþjóðlegi bangsadagurinn	26 Þ Röndóttur dagur	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Öskudagur	26 F	26 S Barnamenningarhátíð	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M Foreldraviðtöl Hlíð	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ Foreldraviðtöl Hlíð	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F		31 Þ		31 S Hvítasunnudagur		31 F